

AUGLÝSING

um nýja lyfsöluskrá II.

80

14. maí

Frá og með 1. júní 1956 gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti 12. maí 1956. Jafnframt fellur úr gildi lyfsöluskrá II frá 1. september 1954.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 14. maí 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um uppsetningu einkapóstkassa.

81

15. júní

1. gr.

Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram, getur forstöðumaður pósthúss sett það skilyrði fyrir útburði póstsendinga í hús á útburðarsvæði pósthússins, að húseigandi setji upp póstkassa undir þann póst, sem í húsið á að fara. Þó má setja bréfarifur í hurðir íbúða í stað póstkassa, þegar forstöðumaður pósthússins felst á það.

2. gr.

Gerð slíkra póstkassa eða bréfarifa, svo og staðsetning þeirra, er háð samþykki forstöðumanns hlutaðeigandi pósthúss.

3. gr.

Þess má krefjast, að póstkassar séu settir upp á neðstu hæð stórhýsis fyrir alla íbúa þess, eða við hlið eða girðingu húsa, sem ekki liggja að umferðarvegi, eða við veg, vegamót, skóla o. þ. l. í útjöðrum bæja eða utanbæjar.

4. gr.

Fyrirmæli um uppsetningu póstkassa eða bréfarifa skulu tilkynnt í ábyrgðarbréfi, og tiltekinn frestur til uppsetningar.

5. gr.

Nú hlýðir húseigandi ekki fyrirmælum þessum innan hins tiltekna frests, án þess að hafa fært fram gildar ástæður, og tekur póst- og símamálastjórnin þá ákvörðun um, hvort útburði til hússins skuli hætt eða hvort ákvæðum samkv. 22. gr. póstlaga nr. 31/1940 skuli beitt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/1954, um breytingu á póstlögum nr. 31/1940, öðlast þegar gildi.

Póst- og símamálaráðherrann, 15. júní 1956.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur Briem.